

## Fundargerð

Árið 2023, föstudaginn 10. mars kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aron Gústavssyni, og Ragnari Ágústi Róbertssyni, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 9. febrúar 2023.

*Fundargerð frá 9. febrúar 2023 var samþykkt án athugasemda.*

### 2. Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs

#### Staða mála

Formaður ráðgjafarnefndar og starfsmenn Jöfnunarsjóðs upplýstu ráðgjafarnefndina um störf starfshóps um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Formaður ráðgjafarnefndar hefur setið fundi starfshópsins. Farið var yfir virkni nýs líkans Jöfnunarsjóðs sem mun taka við af fasteignaskatts- tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlagi sjóðsins.

Stefnt er að því að breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðsins verði lagðar fram sem frumvarp til laga á vormisserum.

### 3. Umsókn vegna þjónustu við flóttafólk

#### Reykjanesbær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjanesbæjar, dags. 8. mars 2023, þar sem óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði vegna mikillar aukningar flóttafólks í sveitarfélaginu. Fram kemur í erindinu að búseta flóttafólks sé aðallega á gamla varnarsvæðinu og að nemendum hafi fjölgað þar mikið á síðustu 2 árum. Sveitarfélagið sé því í brýnni þörf vegna endurbóta á skólahúsnaði og nemi fjárþörf vegna endurbóta á skólahúsnaði um 60 m.kr.

Fyrst var fjallað um vanda þennan á fundi ráðgjafarnefndar 9. febrúar sl. en þá ákvað nefndin að fresta erindinu og var starfsmönnum falið að afla frekari upplýsinga um málið og á grundvelli hvaða reglna væri hægt að verða við beiðni sveitarfélagsins um framlag.

Langflest þeirra barna sem eru í úrræðum Vinnumálastofnunar og njóta skólalþjónustu í þeim sveitarfélögum sem þau eru staðsett í eru staðsett í Reykjanesbæ, 94 börn eða helmingar barnanna. Mikið álag hefur því myndast í Reykjanesbæ og þá sérstaklega á Ásbrú þar sem Vinnumálastofnun er með mörg úrræði í hverfinu þar sem húsnæði er helst laust þar. Í ljósi þess mikla álags sem hefur myndast í Reykjanesbæ vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd sem og móttöku flóttafólks er málefnalegt að Jöfnunarsjóður styðji við þessar ófyrirséðu rekstraráskoranir og innviðaupbyggingu.

Lagt er til að litið verði til 8. gr. reglugerðar um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla nr. 351/2002 svo hægt sé að verða við beiðni sveitarfélagsins.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja umsókn Reykjanesbæjar um framlag að fjárhæð 60 m.kr. vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem myndast hafa í sveitarfélaginu.*

Það er þó mat nefndarinnar að það sé ekki hlutverk Jöfnunarsjóðs að veita framlög vegna þjónustu við flóttafólk. Þörf sé á frekari stuðningi ríkisins í þessum málaflokki. Mikilvægt er að áréttu að nefndin telur að úthlutun þessa framlags sé ekki fordæmisgefandi. Einnig telur nefndin að eigi Jöfnunarsjóður að koma að úthlutun framlaga vegna þessa þunga málaflokks sem settur er á sveitarfélögin verði viðbótarframlag að koma til sjóðsins.

#### **4. Sveitarfélög með háar tekjur – framlög úr Jöfnunarsjóði**

##### **Skeiða- og Gnúpverjahreppur**

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 7. mars 2023, varðandi framlög til Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Samkvæmt 2 mgr. 18. gr. tekjustofnalaga þá skal ekki úthluta jöfnunarframlögum til þeirra sveitarfélaga þar sem hámarkstekjur á hvern íbúa miðað við útsvar og fasteignaskatt er 50% umfram meðaltekjur annarra sveitarfélaga. Síðan þetta var sett í lög árið 2013 hafa sömu fimm sveitarfélög fallið undir þetta skilyrði en það eru Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Fljótisdalshreppur, Ásahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur. Á síðustu árum hefur Skeiða- og Gnúpverjahreppur verið að færast nær þessu marki. Á árinu 2022 var hlutfallið hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi komið í

44% af meðaltekjum. Ljóst er að ef þessi þróun heldur áfram þá mun hlutfallið fara yfir 50% sem hefur þau áhrif að skerðing verður á fasteignaskattsframlagi og framlögum vegna rekstrar grunnskóla. Sveitarfélagið fær ekki útgjaldajöfnunarframlag vegna tekjuskerðingar sem er í því framlagi. Á árinu 2023 eru umrædd framlög áætluð 127 m.kr.

Fylgjast þarf með stöðu mála en það mun koma í ljós í ágúst eða september þegar tekjurnar liggja fyrir hvort hlutfallið fari yfir 50% á þessu ári. Hámarkstekjur Skeiða- og Gnúpverjahrepps þurfa að hækka að lágmarki um 5 prósentustig umfram meðaltekjur til að það raungerist.

## 5. Framlag úr Jöfnunarsjóði vegna fjárhagserfiðleika

### Sveitarfélagið Árborg

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Sveitarfélaginu Árborg, dags. 8. mars 2023, þar sem óskað er eftir framlagi vegna fjárhagslegrar úttekta, ásamt samningi um ráðgjöf frá KPMG varðandi úttekt á rekstri og fjármálum sveitarfélagsins. Framlagið er veitt á grundvelli b-liðar 7. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Fram kemur í erindinu frá Sveitarfélaginu Árborg að sveitarfélagið hafi vaxið mikið á undanförunum árum og því hafi fylgt kostnaðarsöm innviðaupbygging. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2023-2026 mun sveitarfélagið ekki uppfylla lágmarksviðmið Eftirlitsnefndar. Samið var við KPMG á síðasta ári um ráðgjöf og síðan var gerður viðauki við samninginn sem snýr að árangursstjórnun. Jafnframt er óskað eftir framlagi vegna skoðunar á því hvort Árborg eigi að draga sig úr byggðasamlaginu Bergrisans bs. vegna málefni fatlaðs fólks. Umsóknin er á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 192/2023 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Að lokum verður leitað sérfræðiaðstoðar varðandi sölu eigna, lóða og byggingaréttar en kostnaður liggur ekki fyrir.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja umsókn Sveitarfélagsins Árborgar um framlag vegna fjárhagserfiðleika og vegna endurskoðunar á byggðasamlaginu Bergrisinn bs. að fjárhæð 12.740.406 kr.*

## **FRAMLÖG VEGNA YFIRFÆRSLU Á MÁLAFLOKKI FATLAÐS FÓLKS**

## 6. Skálatún

### Rekstrarerfiðleikar og framtíðarhorfur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 9. mars 2023, varðandi rekstrarerfiðleika Skálatúns.

Í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu Skálatúns lagði ráðgjafarnefnd til á fundi sínum 24. júní 2022 að leggja til við innviðaráðherra að veitt yrðu eftirfarandi viðbótarframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Mosfellsbæjar til að tryggja rekstur Skálatúns á árinu 2022.

1. Hækkun á framlagi til Skálatúns úr 605 m.kr. í 846 m.kr. eða sem næmi allt að 241 m.kr.
2. Jöfnunarsjóður greiði 50% af 110 m.kr. skuld vegna bráðavanda eða sem nemur 55 m.kr.

Hækkun framlaga til Mosfellsbæjar vegna Skálatúns námu því allt að 296 m.kr. skv. tillögu nefndarinnar sem ráðherra féllst á. Skilyrði fyrir hækkun framlaganna voru eftirfarandi:

- Að Mosfellsbær myndi hefja viðræður við Skálatún um að sveitarfélagið taki við rekstri Skálatúns og að viðræður um yfirtöku myndi ljúka á árinu 2022.
- Breytingar framlaganna taki einvörðungu til ársins 2022 og framlag ársins taki mið af niðurstöðu viðræðna aðila um framtíðarskipun rekstrar.
- Framkvæmdastjóri Skálatúns skili Mosfellsbæ og Jöfnunarsjóði greinargerð um rekstur Skálatúns á árinu 2022 og mögulegar hagræðingaraðgerðir.
- Sveitarfélagið greiði Skálatúni helming fjárhæðarinnar sem telst til bráðavanda eða 55 m.kr.

Framlög að fjárhæð 91 m.kr. voru greiddar til Mosfellsbæjar á árinu 2022 vegna rekstrarerfiðleika Skálatúns en þegar í ljós kom að ekki virtist ná saman með IOGT og sveitarfélaginu um yfirtöku þess á rekstrinum voru greiðslur úr sjóðnum stöðvaðar. Enn hefur sigið á ógæfuhliðina varðar rekstur Skálatúns og nema skammtímaskuldir nú um 310 m.kr.

Unnið er að gerð samkomulags milli mennta- og barnamálaráðherra og sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns um að eignir og aðstaða sem sjálfseignarstofnunin hefur komið þar upp, verði nýtt í þágu barna og fjölskyldna. Ítarlegar tillögur liggja fyrir af hálfu sérfræðinga um að þeim börnum sem greind eru með fjölþættan vanda og eru í þörf fyrir umfangsmikla þjónustu verði veitt þjónusta á Skálatúni.

Samhliða því samkomulagi liggja fyrir drög að samkomulagi milli sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns, Mosfellsbæjar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um yfirtöku sveitarfélagsins á starfsemi Skálatúnsheimilisins í Mosfellsbæ.

Í framhaldi af viðræðum samningsaðila vegna rekstrarstöðu sjálfseignarstofnunarinnar og varðandi framtíðarfyrirkomulag Skálatúns var settur á laggirnar starfshópur, sem unnið hefur ýmsar tillögur að breytingum á starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar í samræmi við framkominn vilja stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar og stjórnar IOGT annars vegar og Mosfellsbæjar hins vegar, um að sjálfseignarstofnunin hætti rekstri Skálatúns og hann verði yfirtekinn af Mosfellsbæ.

Samkvæmt drögum samkomulagsins mun Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða Mosfellsbæ 300 m.kr. framlag vegna skammtímaskulda sem sveitarfélagið skuldbindur sig til að ráðstafa til uppgjörs áfallinna, ógreiddra gjalda og skuldbindinga vegna starfsmanna Skálatúns.

Jafnframt mun sjóðurinn tryggja fjármögnun Skálatúns til framtíðar með hækkun framlaga er nemur 7,5 m.kr. á hvern einstakling. Framlag til Mosfellsbæjar vegna Skálatúns sem byggja á stuðningsþörf myndu þá nema 940 m.kr. í ár en heildarframlagið myndi nema 1.033 m.kr. sé tekið tillit til útsvarsframlagsins. Framlög á grundvelli stuðningsþarfa hvers einstaklings að viðbættri viðbótargreiðslunni geta þó ekki orðið hærri en summa framlaga á grundvelli stuðningsþarfa hvers einstaklings árið 2023 auk 7.500 þús. kr. viðbótarfjárhæðar, verðleiðrétt með launavísitölu. Viðbótargreiðslan skerðist sem mismuninum nemur en önnur framlög skerðast ekki vegna þessa.

Sérstaða Skálatúns er mikil en um landsdekkandi úrræði er að ræða sem komið var fyrir í Mosfellsbæ fyrir um 70 árum síðan. Jöfnunarþörf á grunni stuðningsþarfar hjá Mosfellsbæ er því svipuð og hjá Kópavogsbæ þrátt fyrir að íbúafjöldi í Mosfellsbæ sé rétt um 35% af íbúafjölda Kópavogsbæjar.

Skilyrði fyrir aðkomu Jöfnunarsjóðs að greiðslu framlaga vegna skammtímaskulda að fjárhæð 300 m.kr. og hækkun framlaga til Mosfellsbæjar vegna Skálatúns árið 2023 og til framtíðar eru:

- A. að Mosfellsbær yfirtaki rekstur Skálatúns
- B. að ríkissjóður komi að yfirtöku fasteigna Skálatúns, ásamt áhvílandi veðskuldum o.fl.

Fjárhagslegar aðgerðir að hálfu Jöfnunarsjóðs vegna lausnar rekstrarerfiðleika Skálatúns verða þess vegna ekki að veruleika fyrir en fyrir liggur:

1. Samkomulag milli Mosfellsbæjar, sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns og Jöfnunarsjóðs um yfirtöku sveitarfélagsins á rekstri Skálatúns

2. Samkomulag milli mennta- og barnamálaráðherra og sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns um aðkomu ríkisins að rekstri fasteigna og yfirtöku veðskulda.

Á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 192/2023 var lagt til að Mosfellsbæ verði veitt viðbótarframlag að fjárhæð 300 m.kr. til lausnar á fjárhagsvanda Skálatúns og að árleg rekstrarframlög vegna Skálatúns verði hækkuð eins og að framan greinir.

Tillagan var gerð með fyrirvara um að samkomulag milli aðila sem fjallað er um hér að framan gangi eftir

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fresta þessu erindi til næsta fundar og fól starfsmönnum Jöfnunarsjóðs að afla frekari upplýsinga.*

## **7. Langtímaleigusamningar**

### **Framlög ársins 2023**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 6. mars 2023, varðandi framlög vegna langtímaleigusamninga ársins 2023 ásamt áætlun um úthlutun framlaganna.

Jöfnunarsjóður greiðir framlög til sveitarfélaga vegna jöfnunar kostnaðar af langtímaleigusamningum sem ríkið gerði við Brynju hússjóð ÖBÍ og fleiri aðila áður en málefni fatlaðs fólks voru flutt frá ríki til sveitarfélaga.

Útreikningur framlagsins tekur mið af því að sett er viðmið um eðlilegt leiguverð fyrir slíkt húsnæði og er mismunur raunverulegs leiguverðs og viðmiðsins bættur úr Jöfnunarsjóði með framlagi. Viðmið við útreikninganna tekur mið af leiguverði að fjárhæð 2.393 kr. á m<sup>2</sup>. Heildarframlagið er um 83,6 m.kr.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja áætlun um framlög vegna langtímaleigusamninga ársins 2023 að fjárhæð 83,6 m.kr.*

## **8. Fasteignasjóður**

### **Framlög vegna aðgengismála**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Dalvíkurbyggð, dags. 28. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Heildarkostnaður framkvæmdanna er 4.500.000 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 2.250.000 kr.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag vegna úrbóta á aðgengismálum að fjárhæð 2.250.000 kr. vegna framkvæmdarinnar.*

#### **Tillaga að skiptingu framlaga vegna aðgengismála árin 2023-2024**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 6. mars 2023, varðandi tillögu að skiptingu framlaga vegna aðgengismála fyrir árin 2023 og 2024.

Tillaga starfsmanns að skiptingu framlaganna á milli þjónustusvæðanna, að fjárhæð 415 m.kr., miðar við hlutfall stuðningsþarfar og innviða hvers þjónustusvæðis eins og reiknað er í almennum framlögum vegna fatlaðs fólks.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja áætlun um skiptingu framlaga vegna aðgengisframlaga að fjárhæð 415 m.kr.*

### **9. Reykjadalur**

#### **Samkomulag og framlög ársins 2023**

Lagt var fram til umfjöllunar erindi frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, dags. 8. mars 2023, þar sem félagið óskar eftir hækkun á framlögum til rekstrar Reykjadal árið 2023.

Árið 2022 greiddi Jöfnunarsjóður framlög að fjárhæð 129,9 m.kr. til Styrktarfélagsins. Óskar félagið eftir því að fá framlag að fjárhæð 148,4 m.kr. vegna ársins 2023 þar sem mikil hækkun varð á launagjöldum félagsins.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fresta erindi þessu til næsta fundar og var starfsmönnum Jöfnunarsjóðs falið að afla frekari upplýsinga.*

## 10. Römpum upp Ísland

### Beiðni um hækkun greiðslna

Stjórn Römpum upp Ísland hefur óskað eftir því að styrkveitingum Jöfnunarsjóðs til verkefnisins verði flýtt. Upprunalega áætlaði verkefnið að starfa í 4 ár, og samþykkti ráðgjafarnefnd að veita 50 m.kr. á ári til verkefnisins í þau 4 ár, samtals 200 m.kr. Þegar hafa 50 m.kr. verið greiddar til verkefnisins.

Verkefnið stefnir nú að því að ljúka framkvæmdum á 3 árum, og óskar því eftir því að þær 150 m.kr. sem eftir standa af styrkuppþæð Jöfnunarsjóðs greiðist á næstu tveimur árum, þ.e.a.s. 75 m.kr. á ári.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja beiðni Römpum upp Ísland, en þar sem fjárhæðirnar eru bundnar í lög er þörf á lagabreytingu svo verða megi við beiðninni.*

## 11. Fjárhagslegt endurmat yfirfærslu á málaflokki fatlaðs fólks

### Staða mála

Lagt var fram til umfjöllunar og kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 8. mars 2023, varðandi starfsemi nefndar um um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna fatlaðs fólks.

Frá áramótum hefur nefnd um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna fatlaðs fólks fundað vikulega og hefur með skipulögðum hætti farið yfir einstaka þætti sem skýra aukin halla hjá sveitarfélögum vegna þjónustu við fatlað fólk. Nefndin hefur í því sambandi skoðað fjölgun þjónustuþega, meðhöndlun 15 klst. skv. félagsþjónustulögunum, áhrifa NPA samninga o.fl. Nefndin á tvo fundi eftir áður en farið verður í að vinna að samantekt og tillögugerð. Jafnframt hafa fulltrúar ríkisins annars vegar og fulltrúar sveitarfélaga hins vegar fundað í sitthvoru lagi. Að sögn formanns nefndarinnar er góð samstaða í hópnum og vonast er til að vinnunni ljúki eigi síðar en 30. apríl. Lagt er til formaður og starfsmaður nefndarinnar verði fengnir til að kynna niðurstöður nefndarinnar þegar þær liggja fyrir.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að bjóða formanni og starfsmanni nefndarinnar á fund ráðgjafarnefndar þegar niðurstöður nefndar um kostnaðarskiptingu á málaflokki fatlaðs fólks liggja fyrir.*



**12. Fundartímar**

Næsti fundur ráðgjafarnefndar verður haldinn 30. mars n.k. kl. 11:00.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 13:20.

---

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Hrund Pétursdóttir

---

Dan Jens Brynjarsson

---

Hörður Hilmarsson

---

Friðjón Einarsson

---

Theódóra S. Þorsteinsdóttir